

Fréttatilkynning
12. febrúar 2014

Ársreikningur Landsnets hf. fyrir árið 2013 - Hagnaður ársins nam 2.183 milljónum króna -

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 2.183 mkr. fyrir árið 2013 samanborið við hagnað að fjárhæð 801 mkr. á árinu 2012.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 6.568 mkr. samanborið við 5.306 mkr. á fyrra ári og hækkar því um 1.262 mkr. á milli ára. Hækkun á rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði skýrist einkum af hækkun gjaldskrár til stórnotenda í byrjun árs.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 3.870 mkr. á árinu 2013 á móti 4.339 mkr. á árinu 2012. Þau lækka um 469 mkr. en það skýrist einkum af lægri verðbólgu en stærsti hluti lánasafns félagsins er í íslenskum krónum.

Fjárfestingar voru nokkuð hærri á árinu en á fyrra ári og numu um 6.506 mkr. samanborið við 1.591 mkr. árið áður. Helstu fjárfestingar ársins voru lagning sæstrengs til Vestmannaeyja og bygging launafsvirkis við Grundartanga, en báðar þessar fjárfestingar eru til að auka áreiðanleika afhendingar raforku í flutningskerfinu. Þá var einnig lokið byggingu tengivirkis og línu við Búðarháls. Heildarfjárhæð þessara fjárfestinga nam um 5.000 mkr.

Eiginfjárlutfall í árslok var 19,9% samanborið við 17,7% í lok fyrra árs. Eigið fé í árslok nam 15.446 mkr. samanborið við 13.263 í lok árs 2012. Heildareignir félagsins í árslok námu 77.608 mkr. samanborið við 74.873 mkr. í lok fyrra árs. Heildarskuldir námu 62.162 mkr. samanborið við 61.610 mkr. í lok fyrra árs.

Lausfjárstaða félagsins er sterk, í árslok nam handbært fé 9.917 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 7.733 mkr. árið 2013 samanborið við 5.808 mkr. árið 2012.

Rekstrarniðurstaða ársins er betri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir og liggur það aðallega í jákvæðari niðurstöðu fjármagnsliða. Rekstrarhæfi félagsins er mjög gott. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 mun handbært fé standa undir fjárfestingum og afborgunum lána.

Ársreikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 12. febrúar 2014.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang gudlaugs@landsnet.is.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

Rekstrarreikningur	2013	2012	2011	2010
Rekstrartekjur	13.874.282	12.344.462	11.903.220	12.846.461
Rekstrargjöld	(7.306.534)	(7.038.846)	(6.462.803)	(6.505.789)
Rekstrarhagnaður	6.567.748	5.305.616	5.440.417	6.340.672
Hrein fjármagnsgjöld	(3.869.894)	(4.338.924)	(4.396.146)	(2.154.603)
Áhrif hlutdeildarfélags	25.055	18.580	5.516	8.851
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.722.909	985.272	1.049.787	4.194.920
Tekjuskattur	(539.511)	(184.319)	(209.957)	(632.336)
Hagnaður	2.183.398	800.953	839.830	3.562.584

Efnahagsreikningur	31.12.2013	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2010
Fastafjármunir	66.369.857	62.450.596	62.451.825	64.034.921
Veltufjármunir	11.238.258	12.422.276	12.226.867	6.477.705
Eignir samtals	77.608.115	74.872.872	74.678.692	70.512.626
Eigið fé	15.446.233	13.262.835	12.461.882	11.622.052
Langtímaskuldir og skuldbindingar	58.563.938	57.643.922	55.579.998	56.402.782
Skammtímaskuldir	3.597.944	3.966.115	6.636.812	2.487.792
Eigið fé og skuldir samtals	77.608.115	74.872.872	74.678.692	70.512.626

Sjóðstreymi	2013	2012	2011	2010
Handbært fé frá rekstri	7.733.269	5.808.064	6.279.268	7.360.369
Fjárfestingahreyfingar	(6.408.083)	(2.211.407)	(829.927)	(1.337.730)
Fjármögnunarhreyfingar	(824.874)	(3.989.118)	(286)	(7.506.213)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	(892.880)	459.317	537.960	(124.399)
Handbært fé í ársbyrjun	10.309.772	10.242.916	4.255.901	5.863.874
Handbært fé í árslok	9.917.204	10.309.772	10.242.916	4.255.901

Helstu kennitölur	2013	2012	2011	2010
EBITDA	9.165.669	7.773.168	8.006.865	8.882.008
Eiginfjárhlutfall	19,9%	17,7%	16,7%	16,5%

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.